



Ungdómsvígsla

Bat-mitzva er ungdómsvígsla sem fer fram þegar stúlkur verðar 12 ára en drengir 13 ára. Við athöfnina verða stúlkur dætur lögmálsins eða bat-mitzva og strákar verða synir lögmálsins eða bar-mitzva.

Bat og bar-mitzva er hátíðarstund og fjölskyldan kemur saman til að vera viðstödd vígsluna. Til að geta orðið bat-mitzva verða börnin að fræðast um trúna og læra hebresku. Í löndum þar sem búa margir gyðingar fer vígslan sjálf yfirleitt fram í sýnagógunni og þar lesa krakkarnir í fyrsta sinn upp úr lögmálinu eða Tóra. Þess vegna verða gyðingar að læra hebresku. Hægt er að lesa meira um Tóra í kaflanum



Kennisetningar og reglur > Helgirit.

Ungdómsvígsla er athöfn sem haldin er á ákveðnum tímamótum í lífi barns þegar samfélagið lítur svo á að nú sé það að verða fullorðið.

Lögmálið eða **Tóra** er helsti trúartexti gyðingdóms en það samanstendur af Mósebókunum fimm.

Hebreska er hið forna tungumál gyðinga og er notað við allar trúarlegar athafnir.

Rabbíni er heiti yfir prest gyðinga.

Hér á Íslandi er þetta með aðeins öðrum hætti annað hvort í heimahúsi eða í sal. Undirbúningurinn er sá sami nema hér er ekki rabbíni sem sér um undirbúninginn heldur tekur fullorðinn gyðingur að sér að sjá um fræðsluna.

Spurningar

1. Hvað kallast ungdómsvígsla gyðinga og hvenær fer hún fram?
2. Hvað þurfa börnin að gera fyrir vígsluna?
3. Hvernig fer vígslan fram?
4. Hvers vegna verða gyðingar að læra hebresku?
5. Hvernig er ungdómsvígsla gyðinga á Íslandi ólík því sem tíðkast víðast hvar annarstaðar?